

9. stjórnarfundur

Forma 2012 – 2013

Dags. 6/6 2013

Tími: kl. 16.30

Staður: Gamli skóli.

Mætt: Eydís Valgarðsdóttir, Eyrún Skúladóttir, Guðný Gunnlaugsdóttir, Helena Sigurðardóttir, Herdís Zophóníasdóttir og Sigrún Birna Sigtryggsdóttir.

Fundað var með nýkjörinni stjórn Nemendafélags MA og Busaráði. Rætt var um hugmyndir þeirra varðandi móttöku nýnema, samskipti 1. og 4. bekkinga næsta vetur, skálaferðir og árs hátíð félagsfræðibekkja. Voru hugmyndir þeirra ræddar í samhengi við hugmyndir Foreldrafélagsins og voru fundarmenn sammála um flest atriði.

Eftir fundinn var sest niður og drög lögð að aðalfundi næsta hausts. Vilji er fyrir hendi að tengja aðalfund við skólasetningu á einhvern hátt til að ná sem flestum foreldrum saman komnum.

Skálaferðir verði yfir helgi, koma má þremur hópum fyrir yfir eina helgi og þá er hægt að afgreiða þær snemma á önninni, yfir þrjár helgar. Tala þarf við staðarhaldara á Hólavatni til að kanna hvort að þetta er hægt.

Á skólasetningu verði busavígsla kynnt, samskipti 1. og 4. bekkinga og samskiptamöguleikar foreldra innbyrðis og við nemendur. Hugmynd er um að stofna facebook síðu fyrir foreldra og nemendur.

Ræða þarf við Jón Má skólameistara hvort aðalfundur foreldrafélagsins geti verið á skólasetningu eða í tengslum við hana.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 18.00

Eydís Valgarðsdóttir fundarritari.